



HÉRAÐSDÓMUR  
NORÐURLANDS EYSTRA

D Ó M U R

31. janúar 2017

**Mál nr.**      **E-237/2015:**

Stefnandi:      Þorvaldur Helgi Auðunsson  
*(Hulda Rós Ríkisdóttir hrl.)*

Stefndi:        Akureyrarkaupstaður  
*(Ástráður Haraldsson hrl.)*

Dómari:        Ólafur Ólafsson héraðsdómari

# D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra þriðjudaginn 31. Janúar 2017 í máli

nr. E-237/2015:

**Þorvaldur Helgi Auðunsson**

*(Hulda Rós Rúriksdóttir hrl.)*

**gegn**

**Akureyrarkaupstað**

*(Ástráður Haraldsson hrl.)*

Mál þetta höfðaði Þorvaldur Helgi Auðunsson, kt. 060273-3839, Leirdal 38, Reykjanesbæ, á hendur Akureyrarbæ, kt. 410169-5229, Geislagötu 9, Akureyri, með stefnu, sem þingfest var 10. desember 2015.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða honum vangreidd laun að fjárhæð 1.603.701 króna, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðbætur frá 11. október 2015 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu, en að auki málskostnaðar.

Málið var tekið til úrskurðar um frávisunarkröfu stefnda hinn 24. maí sl., en í framhaldi af því var því vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar Íslands, hinn 5. september sl., sbr. mál nr. 512/2016, var úrskurðinum hrundið og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

## I.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um hvort stefnandi hafi verið vanhaldinn um launagreiðslur á meðan hann gegndi starfi slökkviliðsstjóra hjá stefnda, Akureyrarkaupstað, á árunum 2013-2015 og enn fremur um gildi starfslokasamnings, sem aðilar gerðu með sér hinn 1. júní 2015.

Samkvæmt lýsingum málsaðila, í stefnu og greinargerð, en einnig framlögðum gögnum og skýrslum, eru helstu málsatvik þau, að í júní 2012 var starf slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Akureyrar (SA) auglýst laust til umsóknar. Í auglýsingunni er m.a. kveðið á um menntunar- og hæfniskröfur umsækjanda, en þar um er m.a. vísað til laga um brunavarnir nr. 75, 2000 og reglugerðar nr. 792, 2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna. Þá er það tiltekið í auglýsingunni að krafist sé háskólaprófs, sem nýtist í starfi. Einnig segir í auglýsingunni að stjórnunarnám í slökkvifræðum og í rekstri sé æskilegur kostur, en að reynsla á þeim sviðum sé skilyrði. Þá segir að reynsla af störfum sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður sé æskileg.

Í nefndri auglýsingu, en einnig í starfslýsingu, er greint frá þjónustusvæði Slökkviliðs Akureyrar, að þar séu fjórar starfsstöðvar; tvær á Akureyri, þ. á m. á Akureyrarflugvelli, og í Hrísey og Grímsey, en enn fremur að þjónustan nái einnig til Hörgársveitar og Svalbarðsstrandar. Tekið er fram að yfirstjórn slökkviliðsins sé í höndum slökkviliðsstjóra, aðalvarðstjóra og yfireldvarnarmanns, en að sá fyrstnefndi sé í forsæti. Þá segir að næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra sé sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.

Í auglýsingunni og í öðrum framlögðum gögnum eru tíunduð helstu verkefni slökkviliðsstjóra, en um starfsábyrgð hans segir m.a. að hún taki mið af ákvæðum áðurnefndra laga og reglugerðar um brunamál, en einnig gildandi samþykktu Akureyrarbæjar. Er m.a. tíundað að slökkviliðsstjóri hafi umsjón með þjónustusamningum slökkviliðsins og hafi að auki stjórn á málefnum tengdum mengunarslysum, sjúkraflutningum og sjúkraflugi, auk annarra tilfallandi verkefna, sem falli undir starfsskyldur Slökkviliðs Akureyrar.

Samkvæmt gögnum annaðist ráðgjafafyrirtæki, f.h. stefnda, fyrstu samskiptin við umsækjendur, þ. á m. stefnanda. Ágreiningslaust er að á síðari stigum ráðningarferilsins kom helst að málinu sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs framkvæmdadeildar stefnda, vitnið Helgi Már Pálsson bæjartæknifræðingur. Liggur og fyrir að hann mælti fljótlega með stefnanda við framkvæmdaráð Akureyrarbæjar, og lýsti honum sem mjög hæfum umsækjanda, og þá vegna starfs- og menntunarferils.

Í nefndri umsögn bæjartæknifræðings stefnda, sem er í samræmi við framlögð gögn, segir m.a. um stefnanda, að hann hafi lokið iðnnámi árið 1998 og að á því ári hafi hann verið lausráðinn sem brunavörður hjá Brunavörnum Suðurnesja, en fengið fastráðningu árið 2001, og eftir það gegnt stöðunni allt til ársins 2004. Þá hafi stefnandi samhliða menntað sig í slökkviliðs- og sjúkraflutningafræðum hjá Brunamálaskólanum og Sjúkraflutningaskólanum. Að auki hafi stefnandi lokið B.Sc gráðu í iðntæknifræði frá Tækniháskóla Íslands í lok árs 2002 og M.Sc gráðu í verkfræði, áhættu- og öryggisverkfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð árið 2006 og loks M.Sc gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2011.

Óumdeilt er að ráðningarferli stefnanda hjá stefnda gekk að lokum eftir og var hann ráðinn til að gegna starfi slökkviliðsstjóra SA. Hann hóf störf þann 1. desember 2013.

Í ráðningarsamningi málsaðila segir að launakjör stefnanda fari eftir þágildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga. Samhliða gerðu aðilar með sér sérstakt „samkomulag um greiðslu stjórnendaálags“, sbr. ákvæði 1.5.1 nefnds kjarasamnings. Í báðum tilvikum var um ótímabundna samninga að ræða, sem voru uppsegjanlegir af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara. Málsaðilar rituðu undir þessa launagerninga þann 20. desember 2013.

Í ráðningarsamningi stefnanda segir m.a. að um sé að ræða 8 klukkustunda dagvinnu og að grunnlaunin fari eftir 45. flokki kjarasamnings. Enn fremur segir í

samningnum að *persónuálag* stefnanda vegna menntunar hans hafi verið metið til 18%, en til 8% vegna símenntunar hans, eða samtals 26%, og þá til hækkunar launa.

Í fyrrgreindu „*samkomulagi um greiðslu stjórnendaálags*“ segir nánar um launakjör stefnanda:

*„Frá 1. desember 2013 verður Þorvaldi greitt stjórnendaálag, samtals 50% álag á dagvinnulaun (launaflokkur og þrep starfsmannsins með persónuálagi). Stjórnendaálagið er þóknun fyrir unna yfirvinnu, bakvaktir og útköll og allt áreiti utan dagvinnutíma, undirbúning og heimalestur, ferðatíma utan dagvinnu, móttöku gesta og hvað annað vinnuframlag sem til fellur utan dagvinnutíma. Um er að ræða greiðslu fyrir vinnuframlag utan dagvinnutíma 10,5 mánuði ársins sem jafnað er til greiðslu í 12 mánuði. Orlof vegna yfirvinnu er greitt á stjórnendaálag.*

*Sé um að ræða stjórnendaálag sem byggir á stöðugildafjölda undirmanna verður það endurskoðað 1. febrúar ár hvert. Álagið er háð því skilyrði að um beina stjórnun sé að ræða af hálfu stjórnandans og þarf fjöldi stöðugilda að vera 5,0 eða fleiri á ársgrundvelli. Miðað er við fjölda stöðugilda undirmanna fyrra árs, sem er reiknaður í janúar ár hvert og geta laun því breyst til hækkunar eða lækkunar samkvæmt því 1. febrúar ár hvert. Sigbreyting er þó ekki afturvirk ...“*

Við aðalmeðferð málsins kom fram að stefnandi hefði skilað öllum tilskildum vottorðum um prófgráður og starfsferil í desember 2013 og janúar 2014 og að hann hafi í framhaldi af því fengið greidd laun í samræmi við ákvæði launagerninga.

Málsaðilar vísa báðir til þess að nokkur aðdragandi hafi verið að ráðningu stefnanda í lok árs 2013 og að í því ferli hafi komið fram áherslumunur með þeim um þau launakjör sem stefndi hafði boðið honum vegna starfans. Liggur og fyrir að áður en aðilar rituðu undir áðurgreinda launagerninga hafði stefnandi látið í ljós óánægju sína með þau kjör, sem honum höfðu verið kynnt af hálfu stefnda, sbr. m.a. rafpóst hans til áðurnefnds bæjartæknifræðings, sem dagsettur er 28. júlí 2013. Vegna þess skiptust bæjartæknifræðingurinn og stefnandi á rafpósti, en einnig kemur þar við sögu starfsmannastjóri stefnda, vitnið Halla Margrét Tryggvadóttir, en hún hafði gert drög að launasetningu og kjörum stefnanda, sbr. rafpóst hennar til bæjartæknifræðings, dagsettan 31. júlí, sbr. og rafbréf þess síðarnefnda til stefnanda, dagsett 7. ágúst og 27. ágúst 2013.

Í drögum starfsmannastjóra stefnda er um launakjör stefnanda m.a. vísað til sérákvæða í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjarafélags Tækni- og Stéttarfræðingafélags Íslands og Stéttarfræðingafélags Íslands, að því er varðar tiltekna tengireglu og starfsmatsstig við launatöfluröðun. Að því sögðu er í drögunum tekið fram að grunnlaun stefnanda miðist við áðurnefndan 45. launaflokk kjarasamningsins.

Um forsendur fyrir launasetningu stefnanda, sem væntanlegs slökkviliðsstjóra, segir í drögum starfsmannastjórans, að þar hafi m.a. ráðið viðmið við eftirtalda fimm liði samkvæmt sérákvæði kjarasamningsins um starfsmat: a) íbúafjöldi, þ.e. 18.000-25.000 (45 stig), b) stjórnunarábyrgð, þ.e. forstaða stofnunar og deilda (30 stig), c) fjárhagsleg ábyrgð (30 stig), d) fjöldi ábyrgðarsviða, þ.e. „*tvö svið eða*

slökkviliðsstjóri, hafnarstjóri eða veitustjóri“ (25 stig) og loks e) sérstakar hæfniskröfur, þ.e. „starfið krefst sérþekkingar, sem ekki er metið hér að ofan“ (10 stig). Í drögnum segir að launasetningin hafi tekið mið af fyrirliggjandi gögnum um menntun og fagaldur stefnanda „... frá því að hann lauk námi sem tæknifræðingur“, sbr. ákvæði 10.2.2 í kjarasamningi, þ.e. „persónuálags vegna fagreynslu og símenntunar“, og að það atriði hafi verið metið til 8% eða 4 stiga „eftir 9 ára fagreynslu í starfsgrein ...“. Enn fremur segir í drögnum að tekið hafi verið tillit til ákvæðis 10.2.3 í kjarasamningi, þ.e. persónuálags vegna viðbótarmenntunar, og að sá þáttur hafi verið metinn til 18%. Þessu til viðbótar er í drögnum vísað til áður nefnds „samkomulag um greiðslu stjórnendaálags“, og er það hugtak skýrt nánar.

Eins og áður sagði hafði stefnandi fyrir endanlega ráðningu í starf slökkviliðsstjóra lýst yfir óánægju vegna launatilboðs stefnda sumarið 2013 og þar með um efni þeirra draga sem nefndur starfsmannastjóri hafði gert. Lét hann þá skoðun í ljós að þar hefði ekki verið tekið nægjanlegt tillit til sérþekkingar hans á sviði brunamála allt frá því að hann hóf fyrst störf í þeim málaflokki árið 1998, sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður. Því til viðbótar vísaði stefnandi til launasetningar slökkviliðsstjóra hjá nefndu slökkviliði, sem hann staðhæfði að hefði betri kjör en þau sem stefndi hafði boðið honum.

Með áður nefndu rafréfi bæjartæknifræðings stefnda, dagsettu 27. ágúst 2013, var stefnanda tilkynnt að umsókn hans hefði verið kynnt framkvæmdaráði Akureyrarbæjar og jafnframt að mælt hefði verið með honum í stöðu slökkviliðsstjóra. Með bréfi þessu var stefnanda einnig tilkynnt að ekki hefði verið fallist á sjónarmið hans um hærri laun og því stæðu honum til boða þau launakjör sem tiltekin hefðu verið í drögum starfsmannastjóra stefnda. Í bréfinu var loks farið fram á að stefnandi svaraði því afdráttarlaust og innan tiltekinna tímamarka hvort hann vildi þiggja slökkviliðsstjórarstarfið.

Stefnandi svaraði erindi bæjartæknifræðingsins með rafréfi, dagsettu 30. ágúst sama ár, en þar segir m.a.:

*Ég staðfesti hér með að ég þigg starfið sem slökkviliðsstjóri á Akureyri undir þeim formerkjum sem við höfum rætt. Ég mun jafnframt leita með ákveðin atriði til samráðsnefndar, sem ekki náðist samkomulag um og mun una þeim úrskurði, á hvorn veginn sem hann fer. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hvenær fyrsti formlegi starfdagur mun hefjast en ég ræddi við Björn aðstoðarslökkviliðsstjóra áðan og mun ég verða honum innan handa með ýmis mál eftir þörfum. Það sem um hefur verið samið, er eftirfarandi; a) Launaflokkur 45 og persónuálag enn í skoðun. Kjarasamningur SÍS og SV, b) sími og notkun, c) internetnotkun heima, c) bill vegna starfsins, d) fullt sumarfrí árið 2014, e) aðstoð við flutning, skv. tölvupósti við C 01.07.2013 – barst Þ við umsókn.*

Um þá samráðsnefnd sem stefnandi vísar til í bréfi sínu eru ákvæði í 11. kafla áður nefnds kjarasamnings. Kaflinn ber heitið *Um samskipti aðila*, en þar segir í grein 11.2.1.: *Samningsaðilar skipa hvor um sig samstarfsnefnd sem er formlegur vettvangur samskipta aðila á samningstímanum. Samstarfsnefndin hefur það hlutverk að fjalla um framkvæmd og túlkun kjarasamnings þessa og lausn ágreiningsefna.*

*Komi upp ágreiningur milli þeirra sem annast framkvæmd samningsins og þeirra sem undir hann heyra, s.s. vegna skilgreiningar starfa og röðunar í launaflokka, skal þeim ágreiningi vísað til samstarfsnefndar. Þá segir í grein 11.2.2.: Hvor aðili fyrir sig getur skotið ágreiningsefnum til samstarfsnefndanna og kallað þær til starfa. Loks segir m.a. í grein 11.2.1: Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á röðun eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðarmótum eftir að erindið var fyrst kynnt gagnaðila með sannanlegum hætti, nema annað sér sérstaklega ákveðið.*

Eins og áður sagði hóf stefnandi störf sem slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akureyrar 1. desember 2013, en til grundvallar lá áðurgreindur rafpóstur, en að lokum þeir kjaragerningar, sem aðilar gerðu með sér 20. sama mánaðar og áður er lýst.

Samkvæmt gögnum sendi stefnandi yfirmanni sínum, fyrrnefndum bæjartæknifræðingi, kröfubréf sem dagsett er 1. júlí 2014, og fór fram á launhækkun. Hann rökstuddi kröfuna með líkum hætti og hann hafði áður gert í ráðningarferlinu sumarið 2013, þ. á m. varðandi túlkun á ákvæði kjarasamnings um „*sérstakar hæfniskröfur*“. Í því sambandi bendir hann m.a. á sértæka menntun sína á sviði brunamála, þ. á m. frá brunaverkfræðideild Háskólans Í Lundi, en einnig viðskiptafræðimenntunar svo og á reynslu sína og þekkingu á sviði einkarekstrar. Þá vísaði hann til 13 ára starfsreynslu sem tengist brunavörnum og slökkviliði. Jafnframt fór hann fram á að stjórnandaálag hans yrði hækkað úr 50% í 60%. Þar um vísaði hann helst til erfiðra starfsmannamála, sem ekki hefði verið búið að leysa úr áður en hann hóf störf hjá stefnda. Einnig benti hann á að ekki hefði verið starfandi aðstoðarslökkviliðsstjóri hjá slökkviliðinu þegar hann kom til starfa.

Samkvæmt málalíbúnaði stefnda, sem m.a. hefur stoð í vætti nefnds bæjartæknifræðings, var þessum síðastnefndu launakröfum stefnanda hafnað á fundi þeirra, og þá með vísan til fyrri röksemda og samskipta.

Samkvæmt þeim málsskjölum sem aðilar máls hafa lagt fram og þeir vísuðu til við flutning málsins, urðu nokkrir hnökrar í samskiptum eftir að stefnandi hóf störf sem slökkviliðsstjóri í lok árs 2013. Verður ráðið að annars vegar hafi verið um að ræða tilvik sem vörðuðu störf og verkefni stefnanda á slökkvistöðinni, en einnig vegna samskipta hans við liðsmenn. Hins vegar var um að ræða tilvik sem vörðuðu samskipti stefnanda við þrjá yfirmenn hjá stefnda, þ. á m. fyrrnefndan bæjartæknifræðing og áðurnefndan starfsmannastjóra.

Stefnandi byggir ekki málsástæður sínar á þessum síðastgreindu tilvikum, en staðhæfir að þau varpi nokkru ljósi á tilefni þess að hann hætti störfum hjá stefnda og að samhliða var gert samkomulag um starfslok hans.

Samkvæmt gögnum voru fyrrnefndu tilvikin tekin til umfjöllunar að frumkvæði stefnda eftir að stefnandi hafði verið kvaddur á fund yfirmanns síns, bæjartæknifræðingsins, í lok september 2014. Viðstaddir fundinn voru bæjarlögmaður stefnda og lögmaður stefnanda, en sá síðarnefndi hlýddi á orðræðuna í síma. Samkvæmt fundargerð var tilefnið nánar það, að tilkynna stefnanda að stefndi

hefði ákveðið að hefja rannsókn á ætluðum brotum á starfsskyldum hans og starfsháttum, sem eftir atvikum gæti leitt til áminningar, sbr. ákvæði 11.1.6.2 nefnds kjarasamnings. Varð það síðar raunin. Samkvæmt gögnum svaraði lögmaður stefnanda í millitíðinni ávirðingunum með greinargerðum, dagsettum 13. október og 21. nóvember sama ár, en einnig 7. janúar 2015. Niðurstaðan varð að lokum sú að stefndi afturkallaði með formlegum hætti áminningu sína gagnvart stefnanda, sbr. bréf dagsett 20. janúar 2015, en í þess stað var honum veitt svokölluð aðvörun í starfi.

Síðarnefnda tilvikið varðaði kvörtun stefnanda til Vinnueftirlits ríkisins um ætlað einelti af hálfu m.a. áðurnefndra yfirmanna hans. Eineltiskvörtun stefnanda er dagsett 26. janúar 2015. Af þessu tilefni leitaði stefndi til ráðgjafafyrirtækis, sem rannsakaði málefnið, í mars og apríl sama ár. Til grundvallar endanlegri niðurstöðu sérfræðinga ráðgjafafyrirtækisins voru m.a. greinargerðir málsaðila, viðtalsgögn og gögn frá stefnda.

Samkvæmt gögnum leitaði stefnandi eftir því í bréfi til bæjarstjóra stefnda, dagsettu 3. mars 2015, að gert yrði við hann samkomulag um starfslok hjá slökkviliðinu, en þó ekki fyrr en fyrrgreindri eineltisrannsókn ráðgjafafyrirtækisins lyki. Í bréfi sínu vísar stefnandi til heildarhagsmuna allra aðila málsins, en segir síðan m.a.: *Ef samkomulag næst, þá mun ég ekki hefja nein mál gegn bænum, hvorki nú né síðar.*

Af gögnum verður ráðið að fyrsta tillagan um starfslokasamning til handa stefnanda hafi komið til umræðu millum bæjarstjóra stefnda og sviðsstjóra kjaramála Tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélagsins þann 3. febrúar nefnt ár, og þá samhliða nokkurri orðræðu þeirra um að réttast væri að vísa ágreiningi málsaðila um launakjör stefnanda til fyrrnefndrar *samráðsnefndar*, og þá í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamnings.

Skýrsla ráðgjafafyrirtækis um eineltisrannsóknina er dagsett 5. maí 2015. Skýrslan er yfirgripsmikil, en í stuttu máli segir í niðurstöðukafla, að áðurnefndir yfirmenn hjá stefnda hafi ekki lagt stefnanda í einelti samkvæmt skilgreiningu á einelti í reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað.

Samkvæmt fundargerð var niðurstaða ráðgjafafyrirtækisins kynnt á fundi bæjarstjóra stefnda, stefnanda og lögmanni hans þann 13. maí 2015. Samkvæmt fundargerðinni lét bæjarstjórinn þau orð falla af þessu tilefni að réttast væri að reyna sáttferli millum stefnanda og annarra aðila eineltismálsins, en að öðrum kosti kæmi starfslokasamningur við hann til álita. Liggur fyrir að síðarnefndi kosturinn varð að lokum fyrir valinu.

Samkvæmt gögnum rituðu bæjarstjóri stefnda og lögmaður stefnanda undir samkomulag um starfslok stefnanda þann 1. júní 2015, en það er í 10 greinum. Eitt aðalefnið er á þá leið, sbr. 2. gr., að í sex mánuði, þ.e. frá undirritun þess og allt til 31. nóvember sama ár, fái stefnandi greidd föst mánaðarlaun, ásamt stjórnendaálagi. Að auki fái stefnandi greiddar orlofs- og desemberuppbætur, en einnig

lífeyrissjóðsiðgjaldsgreiðslur, og ávinni sér á tímabilinu orlof. Tekið er fram að nefndar greiðslur séu óskilyrtar af hálfu stefnda og sæti m.a. ekki frádrætti vegna launa eða tekna sem stefnandi kunnir að fá frá þriðja aðila. Einnig er tekið fram að stefnandi hafi á umræddu tímabili engar starfsskyldur hjá stefnda. Þá segir í 6. gr.: *Aðilar lýsa því yfir að hvorugur aðili eigi frekari kröfur á hinn, hvaða nöfnum sem nefnast, aðrar en greinir í samkomulagi þessu, vegna starfa, ástæðna og aðdraganda sammings þessa og starflokka ÞHA hjá SA.*

Loks segir í 9. gr. samkomulagsins: *Samningi þessum er ætlað að koma í stað núgildandi ráðningarsammings ÞHA, en að loknum efnendum sammings þessa, á hvorugur sammingsaðila kröfur á hinn.*

Samkvæmt bréfi lögmanns stefnanda, dagsettu 11. september 2015, var þess krafist fyrir hans hönd að stefndi stæði skil á vangreiddum launum frá fyrsta vinnudegi og allt til loka fyrrgreinds starfslokátímabils. Í bréfinu er staðhæft að í áðurröktu samkomulagi aðila um starfslok hafi ekki verið tekið tillit til ítrekaðra krafna um leiðréttingu launa stefnanda.

Með bréfi, dagsettu 27. október 2015, hafnar stefndi síðastgreindum kröfum stefnanda alfarið. Í kjölfarið höfðaði stefnandi mál þetta.

## II.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að úppgerður sé hluti launa hans á því tímabili, sem hann starfaði sem slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akureyrar. Miðast krafan við upphaf starfstíma hans hjá stefnda, 1. desember 2013, og allt til starfsloka hans, þann 31. nóvember 2015, í samræmi við áðurgreint samkomulag aðila frá 1. júní sama ár.

Stefnandi byggir kröfur sínar, í stefnu og við flutning málsins, á því að við ákvörðun launasetningar og kjara hans samkvæmt ráðningargerningum í desember 2013 hafi stefndi ekki réttilega fylgt ákvæðum þágildandi kjarasammings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélagsins, einkum að því er varðar laungreiðslur, launaflokk, starfsaldur til launa, aðrar greiðslur og greiðslutímabil. Þar um vísar stefnandi einkum til sérákvæða kjarasammingsins um starfsmat og byggir á því að menntun og starfsferill hans hafi ekki verið rétt metinn til launa. Vegna þessa hafi launin og verið lægri en réttmætt var.

Stefnandi byggir á því að við launasetningu stefnda í upphafi starfsferils hans, sem slökkviliðsstjóri, en einnig á síðari stigum, hafi ekki réttilega verið tekið tillit til allra þeirra atriða sem vísað sé til í sérákvæði kjarasammings. Þannig hafi honum ranglega verið raðað í 45. launaflokk kjarasammingsins, en með réttu hefði hann átt að fá laun greidd samkvæmt launaflokki 47, þá til loka janúarmánaðar árið 2015. En eftir það hafi honum borið laun samkvæmt launaflokki 51, enda hafi hann þá verið næstráðandi í skipuriti stefnda, þ.e. verið næstur á eftir bæjarstjóra. Stefnandi byggir jafnframt á því að hann hafi átt að fá 28% persónuálag og 50% stjórnendaálag fyrir



hvern mánuð, auk orlofs, enda hafi þessi atriði einnig verið ranglega ákvörðuð af starfsmönnum stefnda.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi nánar þannig:

1) Vegna tímabilsins frá upphafi starfs til 28. febrúar 2014:

Grunnlaun skv. lfl. 47 í kjarasamningi ásamt 28% persónuálag og 50% stjórnendaálag fyrir hvern mánuð kr. 838.391 (x3 mán)	kr. 2.515.173,-
orlofsgreiðslur á stjórnendaálag kr. 36.442x3	kr. 109.326,-
að frádregnum greiddum launum	kr. <u>2.512.641,-</u>
Samtals	kr. 111.858,-

2) Vegna tímabilsins frá 1. mars 2014-31. janúar 2015:

Grunnlaun skv. lfl. 47 í kjarasamningi ásamt 28% persónuálag og 50% stjórnendaálag fyrir hvern mánuð kr. 923.445 (x11 mán)	kr. 10.157.8895,-
orlofsgreiðslur á stjórnendaálag kr. 40.139x11	kr. 441.529,-
að frádregnum greiddum launum	kr. <u>9.207.010,-</u>
Samtals	kr. 471.713,-

3) Vegna tímabilsins frá 1. febrúar – 31. nóvember 2015:

Grunnlaun skv. lfl. 51 í kjarasamningi ásamt 28% persónuálag og 50% stjórnendaálag fyrir hvern mánuð kr. 980.112 (x10 mán)	kr. 9.801.120,-
orlofsgreiðslur á stjórnendaálag kr. 42.602 x 10	kr. 426.020,-
að frádregnum greiddum launum	kr. <u>9.207.010,-</u>
	kr. 1.020.130,-

Stefnandi rökstyður kröfur sínar nánar þannig að sérkákvæði nefnds kjarasamnings, um starfsmat, kveði á um tiltekin atriði í fimm liðum, sem gefi starfsmatsstig, sem tengd séu við launatöflu samningsins. Stefnandi bendir á að í ráðningarsamningi hans hafi verið miðað við útreikninga starfsmannastjóra stefnda um greind atriði. Hann hafi hins vegar frá upphafi gert athugasemdir við launasetninguna, einkum þó við síðustu tvo liðina, d- og e-liði, sem taki til fjölda ábyrgðarsviða og sérstakra hæfniskrafna.

Stefnandi bendir á að í útreikningi starfsmannastjóra stefnda hafi hann skorað 25 stig að því er varðar d-liðinn, þ.e. „fjölda ábyrgðarsviða“. Hafi stefndi rökstutt það með því að slökkviliðsstjóri hafi aðeins tvö ábyrgðarsvið. Stefnandi byggir á því að um vantalingu hafi verið að ræða og þá væntanlega sökum þess að í útskýringum við starfsmatsliðinn hafi verið minnst á slökkviliðsstjóra, ásamt hafnarstjóra og veitustjóra. Stefnandi byggir á því að í raun hafi hann í starfi sínu sem slökkviliðsstjóri haft umsjón með sjúkraflutningum, m.a. sjúkraflugi á landinu öllu, en að auki hafi hann haft á sinni könnu slökkviliðsstörf og eldvarnareftirlit. Og því til viðbótar hafi hann verið eini slökkviliðsstjórinn í öllu sveitarfélaginu, sem m.a. hafi

tekið til Hríseyjar og Grímseyjar. Stefnandi byggir á því að í starfi sínu sem slökkviliðsstjóri hafi hann a.m.k. haft þrjú ábyrgðarsvið, sem hefði átt að gefa honum 35 stig samkvæmt starfsmati. Við flutning vísaði stefnandi til þess að hann hefði í raun haft meiri ábyrgð en tilgreindir starfsmenn, hafnarstjóri og veitustjóri.

Stefnandi vísar til þess að með starfsmatsliðnum „*sérstakar hæfniskröfur*“ í sérákvæði kjarasamningsins sé tiltekið að sá liður eigi við störf þar sem krafist sé sérþekkingar, sem ekki hafi verið metin í öðrum liðum, og geti þetta gefið 10, 20 eða 30 stig. Stefnandi vísar til þess að við launasetningu stefnda hafi hann aðeins verið metinn til 10 stiga, sem hann hafi strax gert athugasemdir við. Stefnandi byggir á því að með réttu hafi hann átt að fá fleiri stig og vísar til þess að hann hafi verið eini slökkviliðsstjórinn í landinu, sem hafi haft sértæka verkfræðimenntun frá brunaverkfræðideildinni í Lundi í Svíþjóð. Hann byggir jafnframt á því að undir þennan lið hafi átt að færa fleiri þætti. Í því sambandi nefnir hann álag í starfi, erfið starfsmannamál og kennslufni sem hann hafi útbúið. Í ljósi þessa alls byggir stefnandi á því að hann hafi með réttu átt að vera metinn til 30 stiga í þessum starfsmatslið.

Og með vísan til alls ofangreinds byggir stefnandi á því að hann hafi átt að fá metin a.m.k. 150 starfsmatsstig í upphafi starfsferils síns. Þá hafi hann síðar á ferlinum, þ.e. eftir að hann heyrði beint undir bæjarstjóra, þann 1. febrúar 2015, átt að hafa enn fleiri stig í starfsmatinu, enda hafi þá stjórnunarábyrgð hans verið meiri, þar sem það hefði gefið honum 50 stig.

Stefnandi byggir á því, að öllu ofangreindu virtu, að lýstur starfsmatsstigafjöldi hefði átt að fleyta honum í launaflokk 47, en frá 1. febrúar 2015 í launaflokk 51 samkvæmt kjarasamningi aðila, í stað 45. flokks, líkt og gert hafi verið af hálfu stefnda.

Stefnandi byggir á því að persónuálag hans vegna fagreynslu, sbr. ákvæði 10.2.2 í nefndum kjarasamningi, hafi verið metið ranglega af hálfu stefnda, en það hafi ratað inn í ráðningarsamning hans. Hann bendir á að í nefndum kjarasamningi segir að 9 ára fagreynslu í starfsgrein eigi að meta til 4 stiga (8% álags), en að 13 ára fagreynslu eigi að meta til 5 stiga (10% álags). Stefnandi byggir á því að hann hafi a.m.k. haft 13 ára fagreynslu af störfum tengdum slökkviliði og brunavörnum. Þar um vísar hann til framlagðra vottorða. Vegna þessa hafi með réttu átt að greiða honum 10% álag frá upphafi ráðningar hans, en með því hefði heildarpersónuálag hans orðið 28% í stað 26%, líkt og stefndi hafði ákvarðað.

Stefnandi áréttar að hann hafi allt frá upphafi samskipta sinna við starfsmann stefnda í áðurgreindu ráðningarferli haft uppi athugasemdir við útreikning starfsmannastjóra stefnda. Þá hafi hann á síðari stigum ítrekað óskað eftir leiðréttingum, líkt og gögn málsins vísi til og hér að framan voru að nokkru rakin.

Með vísan til alls áðurgreinds krefst stefnandi þess að stefndi greiði honum stefnukröfuna, 1.603.701 krónu, og byggir á því að þannig fái hann réttmætar launagreiðslur frá fyrsta starfsdegi og allt til starfsloka, í nóvembermánuði 2015.

Stefnandi krefst dráttavaxta frá 11. október 2015 með vísan til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu, og bendir á að hann hafi sent stefnda áður nefnt kröfubréf þann 11. september það ár.

Að því er varðar lagarök vísar stefnandi í stefnu til kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkfræðingafélags Íslands. Enn fremur vísar hann til laga nr. 80, 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001. Að því er varðar kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 130. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80, 1938. Enn fremur vísar hann til laga nr. 50, 1988 um virðisaukaskatt.

Stefndi vísar í greinargerð sinni til þess að aðilar máls hafi gert með sér starfslokasamning þann 1. júní 2015. Hann byggir á því að með samningnum hafi þeir samþykkt að hvorugur eigi frekari kröfur á hinn, hvaða nöfnum sem nefnist, aðrar en þar beinlínis greinir. Stefndi byggir á því að þegar aðilar hafi samið um starfslok stefnanda hafi hann engar frekari eða aðrar kröfur gert um launaleiðréttingu, hvorki um að laun hans yrðu leiðrétt aftur í tímann, né að laun hans yrðu leiðrétt á umsömdum sex mánaða starfslokátíma. Að þessu leyti vísar stefndi sérstaklega til launaákvæða samningsins og áðurrakinnar 6. gr. hans. Þá vísar hann til rafbréfs stefnanda til bæjarstjóra stefnda, dagsetts 3. mars 2015, þar sem hann hafi á málgað starfslokasamning, en þá jafnframt heitið því að hafa ekki uppi frekari kröfur.

Stefndi byggir á því að stefnandi sé bundinn af efni starfslokasamnings aðila, enda hafi ákvæði hans verið í samræmi við yfirlýsingar stefnanda fyrir gerð hans.

Stefndi byggir á því að efna beri samninga samkvæmt meginreglunni um skuldbindingagildi þeirra og áréttar hann jafnframt að stefnandi hafi enga fyrirvara haft uppi við undirritun gerningsins. Við flutning málsins vísaði stefndi og til þess að samningurinn um starfslok stefnanda hefði verið undirritaður af lögmanni hans.

Stefndi byggir á því að hann hafi að fullu efnt starfslokasamning aðila, enda sé ekki öðru haldið fram af hálfu stefnanda, þ. á m. að því er varðar ógildi hans. Stefndi byggir á því að stefnandi eigi því ekki með réttu lögvarða kröfu, sem hann geti sótt fyrir dómi, sbr. að því leyti áðurrakið ákvæði 9. gr. samningsins, en einnig ákvæði 6. gr. hans svo og yfirlýsingar stefnanda fyrir gerð hans.

Stefndi vísar til þess að í málatilbúnaði sínum og kröfugerð byggi stefnandi á því að launaflokkaröðun og persónuálag hans samkvæmt sérákvæði kjarasamnings hafi verið vantalin. Og þar um vísi hann m.a. til eigin fagreynslu og vantalinna starfsmatsstiga, og þá aðallega vegna tveggja þátta, þ.e. *sérstakra hæfniskrafna og fjölda ábyrgðarsviða*.

Stefndi byggir á því að samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins beri að meta fagreynslu út frá fyrri störfum til persónuálags. Hann byggir á því að rétt túlkun kjarasamningsins, sbr. ákvæði 10.2.2, sé að meta fagreynslu til starfsreynslu í fyrra starfi þar sem viðkomandi fagmenntunar hafi verið krafist. Í tilviki stefnanda hafi við launasetningu verið litið til háskólamenntunar hans og fagstarfa eftir það, þ.e. allt frá

árinu 2003, samtals 112 mánuðir eða 9 ár og fjórir mánuðir og þá í samræmi við vottorð vinnuveitanda hans um starfsferil.

Stefndi bendir á að í auglýsingu um starf slökkviliðsstjóra hjá Slökkviliði Akureyrarbæjar hafi í öndverðu verið gerð krafa um háskólanám sem nýttist í starfi. Stefndi byggir á og áréttar að við ráðningu stefnanda í starf slökkviliðsstjóra í lok árs 2013 hafi fagreynsla hans verið metin til persónuálags, eftir að hann lauk prófgráðu sinni frá Tækniháskóla Íslands, en þá í ljósi fyrirliggjandi starfsferils, þ.e. Brunavarnir Suðurnesja 2003 og 2004 samtals 19 mánuðir, InPrio 2004 og 2005, 7 mánuðir, Rio Tinto Alcan 2005 til 2011, 70 mánuðir og Icelandair 2012 og 2013, 16 mánuðir. Stefndi byggir á því að starfstími stefnanda, sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður hjá Brunavörnum Suðurnesja fyrir árið 2003 hafi ekki verið metinn til fagaldurs í starfi, enda hafi það starf ekki krafist tækni- eða verkfræðimenntunar, líkt og tilskilið hafi verið varðandi starf hans sem slökkviliðsstjóri hjá Slökkviliði Akureyrar. Því hafi fagreynsla stefnanda vegna umsóknar hans til starfs slökkviliðsstjóra, þar sem gerð hafi verið krafa um háskólamenntun, aðeins verið mæld frá því að hann lauk fyrrnefndu tæknifræðingaprófi og vann sérhæfð störf sem kröfðust háksólamenntunar á sviði verkfræði, líkt og fram komi í starfsvottorði Brunavarna Suðurnesja.

Að því er varðar sérákvæði kjarasamnings um starfsmat vísar stefndi til þess að í raun sé um að ræða starfsröðunarkerfi, sem samningsaðilar hafi komið sér saman um. Stefndi staðhæfir að starfsmatið hafi verið nýtt til þess að samræma aðferðir við að leggja mat á ólík störf, en það sé óháð því hverjir gegna þeim á hverjum tíma. Starfsmatið sé því ekki kerfi, sem meti hæfni eða menntun einstakra starfsmanna. Stefndi bendir á að samið hafi verið um starfsmatið í kjarasamningum árið 2002, og hafi í upphafi verið gengið frá röðun starfa í starfsmatinu á fundum *samráðsnefndar* samningsaðila, sbr. dskj. nr. 42. Stefndi vísar til þess að í sérákvæði kjarasamningsins séu tiltekin starfsmatsstig og þau skýrð og enn fremur hvernig þau tengist við launatöflur. Eftir atvikum sé um að ræða 10, 25, 35 eða 50 stig, þ.e. í hinum umþrætta lið „*fjöldi ábyrgðarsviða*“. Stefndi bendir á að við innleiðingu starfsmatsins við röðun starfa samkvæmt kjarasamningi hafi öll störf verk- og tæknifræðinga verið tekin til umfjöllunar í *samráðsnefnd* stéttarfélaganna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þannig hafi starfi slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Akureyrar verið raðað í slíku starfsmati á fundi *samstarfsnefndarinnar* þann 20. desember árið 2002, og það metið til áðurgreindra 25 stiga. Í samræmi við þetta hafi stefnanda verið ákvörðuð 25 stig, og þá með hliðsjón af sérákvæði kjarasamnings um fjölda ábyrgðarsviða, þ.e. „*tvö svið eða slökkviliðsstjóra, hafnarstjóra eða veitustjóra*.“ Við þetta hafi stefndi miðað við launasetningu stefnanda í ráðningarsamningi, í lok árs 2013.

Stefndi bendir á að Slökkvilið Akureyrar hafi hafið þjónustu við sjúkraflug árið 1997 og hafi því verkefni verið sinnt samfellt frá þeim tíma. Árið 2002 hafi slökkviliðið auk þess veitt þjónustu við flugvöllinn á Akureyri samkvæmt samningi við Flugmálastjórn, en að sú þjónusta hafi aftur færst frá slökkviliðinu og þá til Isavia

ohf. Hafi þessi síðasta skipan mála verið við lýði þegar stefnandi tók til starfa sem slökkviliðsstjóri hjá stefnda í lok árs 2013.

Stefndi byggir á því að allt frá því að margnefnd *samstarfsnefnd* aðila ákvarðaði stigafjölda vegna ábyrgðar slökkviliðsstjóra SA samkvæmt starfsmati hafi ekkert breyst ef frá sé talið að slökkviliðið hafi ekki lengur á sinni könnu Akureyrarflugvöll.

Í ljósi alls ofangreinds andmælir stefndi sjónarmiðum og röksemdum stefnanda um að starf hans hafi átt að vera metið til 35 stiga undir starfsmatsliðnum „*fjöldi ábyrgðarsviða*“.

Stefndi vísaði við flutning til þess að stefnanda hafi verið fær leið eftir að hann hóf störf sem slökkviliðsstjóri að fara með mál sitt til margnefndrar *samstarfsnefndar* og freista þess þannig að fá endurmetið starfsmat vegna starfa sinna. Stefndi bendir á að í slíku matsferli hefði þurft að taka upp hið eldra starfsmat og meta slökkviliðsstjórastarfið að nýju líkt og gert hafi verið árið 2002. Þetta hafi stefnandi hins vegar ekki gert, en í þess stað byggji hann málalíbúnað sinn á því að telja upp ætluð „ábyrgðarsvið“ sem í raun hafi að áliti stefnda verið á meðal verkefna hans í starfi. Stefndi byggir á því að ekki nægi að telja upp einstök verkefni sem fylgi beinlínis starfi slökkviliðsstjóra í þeim tilgangi að fá hærri heildarstigafjölda í starfsmati.

Stefndi vísar til þess að í sérákvæði kjarasamnings, undir liðnum *sérstakar hæfniskröfur*, sé gert ráð fyrir 10, 20 eða 30 stigum. Hann bendir á að þessi liður taki mið af því, samkvæmt sérákvæðinu, hvað viðkomandi starf krefjist víðtækrar sérþekkingar og sé ekki metið í öðrum þáttum starfsmatsins. Stefndi áréttar að stefnandi hafi verið metinn til 10 stiga í þessum lið. Hafi honum þegar í ráðningarferlinu sumarið 2013 verið veitt fullnægjandi skýring vegna athugasemda hans og þá þannig að umræddur liður kæmi aðeins til álita þegar ekki hefði verið tekið tillit til hæfniskrafna samkvæmt öðrum liðum, líkt og skýrt komi fram í ákvæðinu. Stefndi byggir á því að umræddur liður eigi sérstaklega við um mat á verkefnum þeirra starfsmanna, sem ráðnir hafi verið til sérfræðistarfa, en hafi ekki fengið stig vegna annarra liða matsins, þ.e. vegna mannaforráða, stjórnunar, fjármála og fleira.

Stefndi byggir á því að menntun stefnanda geti ekki komið til hækkunar undir nefndum lið „*sérstakar hæfniskröfur*“, þar sem menntun sé ekki metin til stiga í sérákvæði kjarasamningsins um starfsmat. Stefndi áréttar að starfsmatið sé launaröðunartæki, en því sé ætlað að meta störf, en ekki þá einstaklinga sem gegni þeim á hverjum tíma. Stefndi staðhæfir að menntun stefnanda hafi hins vegar komið til mats þegar almenn hæfni hans hafi verið metin þegar hann hafi verið ráðinn í stöðu slökkviliðsstjóra. Að auki hafi mat á námi hans umfram kröfur komið í gegnum persónuálagið, þ.e. þegar menntun umfram grunnkröfur til starfsins hafi verið metin til persónuálags. Þannig hafi sérhæfð verkfræðimenntun stefnanda verið metin til hækkunar launa hans um fyrrgreind 8% í persónuálagi, þegar fagreynsla hans hafi verið metin.

Stefndi bendir á að persónubundnir þættir starfsmanna vegna menntunar og fagreynslu séu samkvæmt framansögðu metnir til persónuálags samkvæmt ákvæði

kjarasamnings, en að sömu þættir séu þó aldrei metnir í tvígang. Verkfræðimenntun stefnanda frá brunaverkfræðideildinni í Háskólanum í Lundi hafi þannig verið metin til hækkunar launa hans.

Stefndi byggir á því að aðrar þær málsástæður sem stefnandi byggir á, svo sem álag í starfi, erfið starfsmannamál og gerð kennsluefnis, séu stjórnunarlegir þættir í starfi hvers stjórnanda og geti því ekki komið til mats til hækkunar í starfsmati.

Stefndi andmælir því alfarið að hækka hafi átt stig stefnanda í starfsmati í febrúar 2015 vegna aukinnar stjórnunarábyrgðar og þá með vísan til þess að hann hafi þá heyrt beint undir bæjarstjóra. Stefndi vísar til þess að þessi skipan mála hafi aðeins komið til af því að stefnandi hafi borið fram eineltiskvörtun, m.a. á yfirmann sinn, bæjartæknifræðing stefnda. Því hafi aðeins verið um tímabundna ráðstöfun að ræða og hafi stjórnskipulagi stefnda m.a. ekki verið breytt á nokkurn hátt vegna þessa.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna samningaréttar, sérstaklega meginreglunnar um skuldbindingargildi samninga, sbr. samkomulag aðila um starfslok. Hann vísar til kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga, aðallega ákvæða 11.2 um samstarfsnefnd og 10.2.2 um persónuálag svo og sérákvæðis um starfsmat. Um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála, einkum 129., 130. og a-liðar 1. mgr. 131. gr. laganna.

### III.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslur Þorvaldur Helgi Auðunsson og Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri stefnda. Þá gáfu vitnaskýrslur starfsmenn stefnda, þau Halla Margrét Tryggvadóttir starfsmannastjóri og Helgi Már Pálsson bæjartæknifræðingur.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um vangoldin laun á þeim tíma sem hann gegndi stöðu slökkviliðsstjóra hjá Slökkviliði Akureyrar frá 1. desember 2013 til 31. nóvember 2015, að meðtöldu starfslokátímabili. Hann kveður stefnufjárhæðina mismun greiðslna, sem honum bar að fá samkvæmt kjarasamningi, og þeirra greiðslna sem hann fékk í raun á tímabilinu.

Fyrir liggur að stefnandi var ráðinn til starfa á grundvelli auglýsingar, sem slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akureyrar. Því til staðfestu rituðu stefnandi og yfirmaður hans hjá stefnda, Helgi Már Pálsson bæjartæknifræðingur, undir ráðningarsamning þann 20. desember 2013. Samhliða rituðu þeir undir *samkomulag um greiðslu stjórnendaálags* til handa stefnanda, sem nam 50% álagi á dagvinnulaun hans. Samkvæmt efni samkomulagsins tók það mið af launaflokki stefnanda samkvæmt ráðningarsamningnum, er varðar nánar skilgreint vinnuframlag stefnanda utan dagvinnu.

Í nefndri auglýsingu stefnda um slökkviliðsstjórstöðuna eru gerðar allvíðtækar hæfnis- og menntunarkröfur og þar á meðal er krafist háskólaprófs, sem nýtist í starfi.

Óumdeilt er að stefnandi uppfyllti allar tilskildar kröfur samkvæmt auglýsingu

stefnda. Hann hafði þannig lokið fyrstu háskólagráðu sinni, B.Sc gráðu, sem iðnaðartæknifræðingur frá Tækniháskóla Íslands, árið 2002. Verður og ráðið af gögnum að hann hafi hafið störf hjá Brunavörnum Suðurnesja, í byrjun árs 2003, þar sem mið var tekið af nefndri háskólagráðu, en hann hafði allt frá árinu 1998 starfað hjá því slökkviliði, sem brunavörður, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður, á grundvelli iðnmenntunar og stúdentsprófs.

Óumdeilt er að stefnandi aflaði sér á árunum 2006 og 2011 frekari háskólamenntunar og fékk við það fleiri háskólagráður, þar á meðal M.Sc gráðu í verkfræði, áhættu- og öryggisverkfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Bera gögn málsins með sér að stefnandi hafi ráðið sig til starfa sem tengdust nefndum háskólafaggreinum og að hann hafi starfað sem slíkur allt þar til hann var ráðinn til starfa, sem slökkviliðsstjóri hjá stefnda, í lok árs 2013.

Er stefnandi hóf störf hjá stefnda var hann í Stéttarfélagi verkfræðinga. Hann var því ráðinn til starfans samkvæmt þágildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga.

Í fyrrnefndum ráðningarsamningi er tiltekið að stefnandi sé í grunnlaunaflokk 45, en einnig kemur þar fram að persónuálag vegna menntunar hans hafi verið metið til 18%, en til 8% vegna símenntunar hans, eða samtals til 26%, og þá til hækkunar launa.

Samkvæmt gögnum og skýrslum fyrir dómi var launasetning stefnanda reist í upphafi á bráðabirgðaútreikningum og drögum starfsmannastjóra stefnda, sem rataði þannig inn í ráðningarsamning hans, en hún varð loks endanleg í janúarmánuði 2014 eftir að stefnandi hafði skilað tilskildum gögnum og skilríkjum um eigin starfsferil. Óumdeilt er að stefnandi hafði haft uppi athugasemdir við launasetninguna í ráðningarferlinu, og einnig á árinu 2014, en einnig liggur fyrir að stefndi hafði ekki tekið tillit til þeirra við gerð starfslokssamnings aðila í byrjun júní 2015. Af gögnum verður ráðið að báðir aðilar hafi á nefndu tímabili haft orð á því, að vilji þeirra stæði helst til þess að skjóta lýstum athugasemdum til úrskurðar svonefndrar samstarfsnefndar um málefni kjarasamnings, sbr. ákvæði 11.2 í kjarasamningi. Liggur fyrir að það komst þó aldrei í verk.

Ágreiningslaust er að stefnandi fékk laun sín greidd í samræmi við ákvæði nefndra launagerna allan þann tíma sem hann starfaði hjá stefnda, en einnig eftir að lögmaður hans ritaði fyrir hans hönd undir hinn tímabundna starfslokssamning, þann 1. júní 2015.

Eins og hér að framan var rakið reisir stefnandi kröfur sínar á því að laun hans samkvæmt ráðningarsamningi hafi ekki verið rétt ákvörðuð af stefnda, að því er varðar grunnlaunaflokk og persónuálag. Þar um vísar hann helst til eigin menntunar og starfsferils, a.m.k. til 13 ára, sbr. ákvæði 10.2.2 í kjarasamningi. Stefnandi byggir jafnframt á því að við launasetningu hans hafi ranglega verið farið með starfsmat hans. Þannig hafi heildarstigafjöldi í matinu, sbr. sérákvæði kjarasamningsins um starfsmatsstig og tengireglu við launaflokka, verið vanreiknaður. Nefnir hann helst í

Því sambandi eftirtalda liði í matinu: *fjölda ábyrgðarsviða og sérstakar hæfniskröfur*. Að auki nefnir stefnandi að hluta til lið sem varðar *stjórnunarábyrgð*. Hann gerði hins vegar ekki athugasemdir við starfsmatsliðina *íbúafjöldi og fjárhagsleg ábyrgð*.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því að efni starfslokasamnings aðila varði ekki grundvöll stefnukröfu hans um leiðréttingu launa.

Stefndi andmælir öllum málsástæðum stefnanda, þ. á m. um túlkun hans á ákvæðum kjarasamnings. Þá vísar hann sérstaklega til efnisákvæðis áðurrakins starfslokasamnings, sem hann telur að hafi fullt gildi um ágreining aðila í þessu máli.

Í ráðningarsamningi málsaðila frá 20. desember 2013 segir að til grundvallar liggi gildandi kjarasamningur, eins og hann er á hverjum tíma. Í samningnum er sérstaklega áskilið að stefnandi uppfylli skilyrði aðildar að Verkfræðingafélagi Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 8, 1996 hafa þeir einir rétt til að kalla sig verkfræðing eða tæknifræðing, sem hafa fengið leyfi ráðherra, enda hafi þeir lokið fullgildum verkfræði- eða tæknifræðiskóla, BS eða MS prófgráðum.

Í kjarasamningi aðila segir í 1. gr., að mánaðarlaun þeirra, sem undir hann heyra, skuli greiða samkvæmt tilteknum launatöflum, en því til viðbótar leggist við einstaklingsbundið persónuálag og þá í samræmi við 10. kafla samningsins. Í samningnum segir einnig að röðun starfa í launaflokka skuli vera í samræmi við sérákvæði hans um starfsmat, en í ákvæðinu er m.a. fjallað um þá matsliði, sem stefnandi vísar til í málatilbúnaði sínum.

Samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 1. gr., eru laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til. Í lagagreininni segir að ógildir séu samningar einstakra launamanna og atvinnurekanda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar kveða á um.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar, eins og áður er rakið, á því að grunnlaunaflokkaröðun hans samkvæmt ráðningarsamningi hafi verið röng af hálfu stefnda. Þar um vísar hann helst til almennra ákvæða kjarasamnings, en einnig sérákvæðis hans um starfsmat, tengireglu, starfsmatsstiga og launatöflu.

Samkvæmt gögnum var í samræmi við ákvæði þágildandi kjarasamnings Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og launanevndar sveitarfélaganna komið á starfsmatskerfi þann 1. maí 2002. Liggur fyrir að á fundi samstarfsnevndar stéttarféлага og launanevndarinnar þann 17. maí sama ár var með bókun sammælt um útfærslu á hinu nýja starfsmatsskerfi. Í því ferli var starfi slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Akureyrar fyrst raðað samkvæmt starfsmati, nánar tiltekið þann 20. desember 2002, og var það metið í heildarstigafjölda til 95 stiga. Efni þessa fyrsta starfsmats er í öllum



aðalatriðum í samræmi við starfsmatsákvæði þess kjarasamnings sem málsaðilar vísa til í máli þessu, en núgildandi ákvæði er nokkuð ítarlegra.

Í þessu viðfangi er til þess að líta, að starfsmat er almennt talið vera aðferð til að leggja samræmt mat á ólík störf og gera forsendur launaákvæðana sýnilegri og skýrari. Starfsmat er leið til að ákvarða sömu laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf, og til að raða starfsmönnum í launaflokka eftir umfangi starfa þar sem m.a. er tekið tillit til ábyrgðar. Starfsmati er þannig ætlað að meta þær kröfur sem störf gera til starfsmanna á hlutlægum grunni.

Starfsmatskerfi er samkvæmt framansögðu notað til að bera saman störf og þá í samræmi við þær kröfur sem í störfunum felast, óháð hæfni, árangri eða frammistöðu þeirra sem þau vinna. Starfsmati er ekki ætlað að leggja mat á einstaklingsbundna hæfni, jafnvel þó svo að umframbæfni eða -hæfileikar hafi bein eða óbein áhrif á frammistöðu í starfi. Af þessu leiðir að starfsmaður getur haft hæfni sem vísar til herra starfsmats, en starfið sem viðkomandi vinnur gerir þó ekki kröfu um slíka hæfni.

Með stiganiðurbroti starfa samkvæmt starfsmati má finna út hvað liggur að baki stigaútreikningum í einstökum tilvikum.

Aðilar deila m.a. um starfsmatsliðinn „*fjöldi ábyrgðarsviða*“.

Stefnandi byggir aðallega á því að undir starf slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Akureyrar hafi í raun tilheyrt þrjú svið, en ekki einungis tvö, líkt og stefndi haldi fram. Nefnir hann í því sambandi að undir slökkviliðið á Akureyri heyri sjúkraflug á landinu öllu, auk slökkvistarfsins á þjónustusvæði þess og eldvarnareftirlitið. Þá byggir stefnandi á því að ábyrgð hans hafi verið meiri en ábyrgð hafnarstjóra og veitustjóra. Vegna þessa hafi starfsmatsstig hans átt að vera 35, en ekki 25 líkt og stefndi hafi ákvarðað.

Í sérákvæði kjarasamnings um starfsmat segir um störf sem undir nefndan lið heyra: *Tvö svið og/eða slökkviliðsstjóri, hafnarstjóri eða veitustjóri*. Eru slík störf metin til 25 starfsmatsstiga.

Í ljósi lýstrar forsögu um tilurð starfsmats varðandi starf slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Akureyrar frá árinu 2002, fyrirbyggjandi starfslýsingar og hins skýra kjarasamningssérákvæðis hefur stefnandi að virtum andmælum stefnda, að áliti dómsins, ekki rökstutt málsástæðu sína um að starfsmatsstig hans í starfi slökkviliðsstjóra hafi átt að vera fleiri samkvæmt þessum starfsmatslið. Af þessum sökum verður kröfum hans að þessu leyti þegar hafnað.

Aðilar deila einnig um starfsmatsliðinn „*sérstakar hæfniskröfur*“.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar m.a. með víðtækri eigin menntun. Einnig bendir hann á tiltekin verkefni, sem hafi verið á hans könnu, sem slökkviliðsstjóri, sem ekki hafi verið tekið tillit til af hálfu stefnda.

Eins og áður er rakið var þessi liður metinn til 10 stiga af hálfu stefnda í starfsmati stefnanda. Í sérákvæði kjarasamnings segir um þennan matslið: *Starfið krefst sérþekkingar sem ekki er metið hér að ofan*. Í starfsmati samstarfsnefndar í lok

árs 2002 voru engin starfsmatsstig gefin fyrir þennan lið í mati nefndarinnar á starfi slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Akureyrar.

Eins og áður var rakið er starfsmati ekki ætlað að leggja mat á einstaklingsbundna hæfni, jafnvel þó svo að umframhæfni eða -hæfileikar hafi bein eða óbein áhrif á frammistöðu í starfi.

Stefnandi hefur sönnunarbyrði fyrir röksemdum sínum um að tilefni hafi verið til að hækka starfsmatsstig hans í þessum lið. Að þessu sögðu og að virtum andmælum stefnda og efnisinnihaldi lýsts starfsmatsliðar hefur stefnandi að áliti dómsins ekki sýnt fram á að stig hans í starfsmatinu hafi átt að vera fleiri en raun varð á. Verður því að hafna kröfum hans að þessu leyti.

Aðilar eru einhuga um að *persónuálag vegna viðbótarmenntunar* stefnanda, sbr. ákvæði 10.2.3 í kjarasamningi, hafi verið rétt metin í ráðningarsamningi til 18%.

Stefnandi byggir á því að þessu til viðbótar hafi persónuálag hans eftir ríflega 13 ára fagreynslu af störfum tengdum slökkviliði og brunavörnum átt að vera metið til 5 stiga eða 10%, í stað 4 stiga og 8%, samkvæmt ákvæði 10.2.2 í kjarasamningi.

Með aðilum er ekki ágreiningur um áðurrakinn starfs- og menntunarferil stefnanda og þar á meðal að hann hafi lokið fyrstu háskólagráðu sinni frá Tækniháskóla Íslands í lok árs 2002. Þá er ekki ágreiningur um að stefnandi hafi eftir það starfað sem iðnaðartæknifræðingur hjá slökkviliði, og að hann hafði áður, þ.e. allt frá árinu 1998, gegnt starfi hjá sama slökkviliði, sem iðnmenntaður bruna- og sjúkraflutningamaður.

Það er álit dómsins að eðli málsins samkvæmt hafi launakjör og launasetning stefnanda fyrst með réttu getað miðast við kjarasamning Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga eftir að hann hafði lokið fullnægjandi háskólaprófgráðu. Að álit dómsins verður þannig að túlka fyrrgreint kjarasamningsákvæði á þann veg að fagreynsla stefnanda hafi fyrst getað komið til álita eftir að hann hóf störf í faggrein sinni sem háskólamenntaður iðntæknifræðingur í byrjun árs 2003. Að þessu virtu og í ljósi andmæla stefnda eru því ekki skilyrði til þess að fallast á kröfur stefnanda um að meta hafi átt störf hans fyrir árið 2003 til fagreynslu í skilningi nefnds ákvæðis. Er kröfum hans að þessu leyti því einnig hafnað.

Í sérákvæði kjarasamnings um starfsmat varðar einn liður þess *stjórnunarábyrgð*. Á meðal undirliða sem þar er vikið að er flokkur sem nefnist *forstaða stofnana og deilda*. Í dæmaskyni er getið um yfirmenn heilbrigðiseftirlits, slökkviliðs, framkvæmdadeildar, gatnadeildar, hreinsunardeildar, byggingar- og/eða skipulagsfulltrúa, og eru öll slík störf metin til 30 starfsmatsstiga. Á meðal liða sem falla undir *stjórnunarábyrgð* er einnig flokkur sem nefnist *yfirstjórn*. Þar undir eru störf starfsmanna, sem eru næstu undirmenn sveitar- og/eða bæjarstjóra. Í dæmaskyni eru nefnd störf sviðsstjóra, veitustjóra og bæjartæknifræðings. eru slík störf metin til 50 starfsmatsstiga.

Eins og áður er rakið var sú ráðstöfun gerð, eftir að stefnandi hafði lagt fram

eineltiskvörtun sína gagnvart þáverandi yfirmanni sínum og sviðsstjóra framkvæmdadeildar stefnda, vitninu Helga Má Pálssyni bæjartæknifræðingi, í lok janúar 2015, að slitið var á stjórnunarleg tengsl þeirra í millum. Er óumdeilt að eftir þessa aðgerð heyrði stefnandi, sem slökkviliðsstjóri, beint undir bæjarstjóra stefnda.

Af gögnum verður ráðið að málefni Slökkviliðs Akureyrar hafi verið eitt af verkefnum framkvæmdadeildar stefnda og þar með nefnds bæjartæknifræðings, Helga Mús.

Í málinu hefur ekkert komið fram um að í byrjun árs 2015 hafi verið gerð breyting á stjórnskipulagi eða skipuriti stefnda eða á störfum bæjartæknifræðings með öðrum hætti en nefnt var hér að ofan og þá vegna þeirrar ráðstöfunar, sem áður var lýst og til komin var vegna kvörtunar stefnanda. Að þessu virtu og þar sem upplýst var, m.a. við skýrslugjöf fyrir dómi, að aðeins hafi verið um einstaka og tímabundna ráðstöfun að ræða þá standa að mati dómsins engin rök til þess að víkja frá fyrri ákvörðun um stigagjöf í starfsmati vegna starfs stefnanda sem slökkviliðsstjóra. Verður kröfu hans að þessu leyti því einnig hafnað.

Eins og hér að framan var rakið gerðu aðilar máls með sér samning vegna starfsloka stefnanda hjá Slökkviliði Akureyrar, þann 1. júní 2015. Samningurinn er undirritaður af bæjarstjóra stefnda og lögmanni stefnanda, en efni hans var að nokkru rakið hér að framan, í I. kafla. Að álitu dómsins er efni samningsins skýrt, þ. á m. varðandi forsendur og tilurð, en jafnframt um að það hafi verið ætlan aðila að skiptum þeirra væri að fullu lokið að loknum efndatíma samningsins. Ekki hefur annað komið fram en að stefndi hafi að öllu leyti efnt samninginn fyrir sitt leyti.

Í ljósi þessa, en einnig að virtum áðurgreindum samskiptum aðila og hinum skýru ákvæðum starfslokasamningsins, var að álitu dómsins nauðsynlegt af hálfu stefnanda við samningsgerðina og við undirritun, að tiltaka eða segja til um með sannanlegum hætti að hann teldi sig eiga frekari kröfur á hendur stefnda. Það gerði hann fyrst með bréfi, sem hann sendi til stefnda rúnum þremur mánuðum eftir undirritun starfslokasamkomulagsins.

Með vísan til alls þess sem að framan greinir, og þar með röksemda stefnda um launasetningu og grunnlaunaflokkaröðun stefnanda samkvæmt þágildandi kjarasamningi, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91, 1991 þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málarekstrinum.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, Akureyrarbær, er sýkn af kröfu stefnanda, Þorvaldar Helga Auðunssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Ólafur Ólafsson

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóð, að viðstöddum Sigmundi Guðmundssyni hdl. sem mættur er fyrir hönd lögmanns stefnanda, Huldu Rósar Rúriksdóttur hrl., og Arnar Sigfússon hdl., sem mættur er fyrir hönd Ástráðs Haraldssonar hrl., og er þeim afhent afrit dómsins.

Dómþingi slitið,

Ólafur Ólafsson

Vottur:

Hans Friðrik Hilaríus Guðmundsson